

Ed.

355. Frumvarp til laga

[191. mál]

um Iðnrekstrarsjóð.

(Lagt fyrir Alþingi á 93. löggjafarþingi, 1972—1973).

1. gr.

Stofna skal sjóð til að stuðla að auknum útflutningi iðnaðarvarnings, breyttu skipulagi og aukinni framleiðni í íslenskum iðnaði. Sjóðurinn skal vera sjálfstæð stofnun í eigu ríkisins.

2. gr.

Sjóðurinn er undir yfirstjórn iðnaðarráðherra. Heimilt er ráðherra að fela opinberri fjármálastofnun daglega afgreiðslu sjóðsins.

3. gr.

Stjórn sjóðsins skipa 5 menn og jafnmargir til vara skipaðir af iðnaðarráðherra til tveggja ára í senn.

Iðnaðarráðherra skipar formann sjóðsstjórnar án tilnefningar. Aðra stjórnarmenn skipar hann samkvæmt tilnefningu Sambands íslenskra samvinnufélaga, Iðnþróunarsjóðs, Alþýðusambands Íslands og Félags íslenskra iðnrekenda, er hvert tilnefni einn mann.

Varamenn skulu skipaðir á sama hátt til jafn langs tíma.

4. gr.

Stjórnin hefur með höndum starfsemi sjóðsins og ráðstöfun fjármagns hans. Iðnaðarráðherra ákveður þóknun fyrir störf sjóðsstjórnar.

5. gr.

Stofnfé sjóðsins er:

1. Gengishagnaður skv. 3. og 4. mgr. 2. gr. laga nr. 97/1972.
2. Gengishagnaður á sérstökum reikningi ríkissjóðs hjá Seðlabankanum skv. síðustu málsgrein 5. gr. laga nr. 74/1968.
3. Framlög ríkissjóðs.

Annað ráðstöfunarfé sjóðsins er:

1. Vaxtatekjur.
2. Afborganir af veittum lánum.
3. Lántökur.
4. Aðrar tekjur.

Allur kostnaður við starfsemi sjóðsins greiðist af tekjum hans. Sjóðurinn er undanþeginn sköttum til ríkis og sveitarfélaga. Fé sjóðsins skal geyma á sérstökum reikningi í vörzlu Seðlabanka Íslands.

6. gr.

Hlutverk sjóðsins skal vera að styrkja útflutningsstarfsemi og erlenda markaðsöflun í þágu iðnaðarins m. a. með eftirfarandi aðgerðum: að stuðla að aukinni ráðgjöf, þjálfun og tæknipjónustu með framlögum eða lánum til stofnana, sem starfa einvörðungu í þágu iðnaðarins, að auka framleiðni með stuðningi við aðgerðir, sem stefna að aukningu afkasta í iðnaði, meiri sérhæfingu í framleiðslu iðnfyrirtækja og virkari stjórnun þeirra, að hvetja til samvinnu og samruna iðnfyrirtækja með lánum eða styrkjum, í þeim tilgangi að byggja upp stærri og hagkvæmari rekstrareiningar, þó þannig að ekki verði dregið úr eðlilegri samkeppni innanlands.

7. gr.

Sjóðurinn má kaupa hlutbréf í starfandi fyrirtækjum, taka þátt í stofnun nýrra hlutafélaga, sem og með öðrum hætti afla sér eignarhluta í starfandi eða nýjum fyrirtækjum, enda samrýmist slík ráðstöfun tilgangi sjóðsins.

Sjóðurinn má ekki afsala hlutabréfum eða eignarhlutum sínum til annarra, nema samþykki Alþingis komi til.

Einnig er sjóðnum heimilt að veita iðnfyrirtækjum ábyrgð fyrir lánum, sem tekin eru hjá öðrum lánastofnunum.

Stjórn sjóðsins ákveður skilyrði fyrir þátttöku sjóðsins hverju sinni, hvort sem um er að ræða hlutafjárkaup, fjárframlög, lánveitingar eða styrkveitingar. Sama gildir um lánskjör.

Við ákvörðun lánakjara og vaxta skal leita umsagnar Seðlabanka Íslands.

8. gr.

Stjórn sjóðsins er heimilt að taka lán, allt að 200 milljón krónur, fyrir hönd sjóðsins. Ekki er heimilt að veita styrki eða framlög nema af stofnfé sjóðsins.

9. gr.

Sjóðstjórn er skylt að birta árlega opinbera skýrslu um starfsemi sjóðsins, og skulu endurskoðaðir ársreikningar fylgja henni.

10. gr.

Ráðherra skal með reglugerð setja nánari ákvæði um starfsemi sjóðsins þar á meðal um reikningshald og endurskoðun og starfsfólk og stöðu þess.

11. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi. Jafnframt falli niður úr 2. mgr. 4. gr. laga nr. 74 12. nóvember 1968 um ráðstafanir vegna ákvörðunar Seðlabanka Íslands um nýtt gengi íslenzkrar krónu, orðin: „Fé, sem á reikninginn kemur, skal ráðstafað með sérstökum lögum í þágu þeirra atvinnuvega, sem eiga viðkomandi afurðaverðmæti.“

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Frumvarp það um Iðnrekstrarsjóð, sem hér er lagt fram er hluti af umfangsmeiri lagasmíð, sem unnið hefur verið að í iðnaðarráðuneytinu að undanfögnu. Stefnt er að því að leggja þá frumvarp fyrir næsta Alþingi. Sú lagasmíð fjallar m. a. um iðjurekstur ríkisins og stjórnunarmál iðjufyrirtækja í ríkiseign.

Ljóst er, að iðnþróun Íslands verður ekki hraðað eins og nauðsynlegt er án þess að endurmeta hlutverk ríkisins í því verki og móta ný tæki, sem beita má til þess að örva iðnvöxt í landinu. Fátt undirstrikar betur nauðsyn þess en gosið á Heimaey og þær efnahagslegu afleiðingar, sem það hefur.

Síðustu ár hafa orðið miklar breytingar á ytri skilyrðum atvinnustarfsemi hérlandis, bæði að því er varðar öflun hráefna, úrvinnslu þeirra og ytri aðstæður. Staða atvinnuvega hefur breytzt vegna takmarkaðra auðlinda og breyttrar nýtingu þeirra.

Hefðbundnar auðlindir okkar eru mikið nýttar, en í því felst að áframhaldandi fjárfesting í þeim mun ekki að sama skapi auka atvinnumagn fram yfir það, sem nú er.

Nýting auðlinda, sem ekki kallast hefðbundnar, er enn sem komið er á byrjunarstigi. Þar er vatnsorkan efst á blaði, en ónýttar aðrar auðlindir eru t. d. gosefni og ýmis jarðefni.

Enn er mikið ónotað af vatnsorku og jarðhita í landinu og vaxtarbroddur atvinnulífsins mun því í vaxandi mæli beinast að hagnýtingu orkunnar. Það býður upp á margs konar iðjurekstur og skylda starfsemi, sem örva þarf eftir megni.

Verksmiðjuíðnaður er því sá atvinnuvegur, sem í vaxandi mæli sker úr um hagvöxt hérlandis og kjör landsmanna.

Alþjóðaviðskipti og breyttar aðstæður.

Inngangan í EFTA og viðskiptasamningurinn við EBE (sem þó er enn óstaðfestur) gjörbreyta aðstæðum fyrir íslenzkan iðnað. Verndaður innlendir markaður

minnkar að mun en í staðinn er okkur ætlað að keppa á stórum evrópskum markaði 16 þjóða, þar sem búa þrjú hundruð milljón manns.

Ótalmörg iðnfyrirtæki heyja þar mjög harða samkeppni við lík ytri rekstrar-skilyrði, þar sem eru aðlöguð tolla- og skattakerfi og líkir fjármögnunarmöguleikar.

Gæði vörunnar, verð hennar og traustir viðskiptahættir munu skera úr um samkeppnishæfni íslenzkra iðnfyrirtækja og gera út um það, hvort þau lifa þessa þolraun af eða ekki. Vitað er að meiri hluti íslenzkra iðnfyrirtækja er ekki búinn undir þessar nýju aðstæður, en aðlögunartími þeirra er naumur og styttest óðum.

Ein afleiðing þessara nýju aðstæðna verður, að íslensk iðnfyrirtæki munu tapa nokkrum hluta heimamarkaðsins í hendur erlendra fyrirtækja. Sú var reynslan bæði í Noregi og Belgíu við inngöngu þeirra í stærri markað. Á tímabilinu 1959 til 1970 minnkaði hlutdeild norskra iðnfyrirtækja í heimamarkaði frá 13% og allt að 41% eftir iðngreinum en hlutdeild belgíska heimaíðnaðarins minnkaði úr 58 í 38 af hundraði. Þetta bendir okkur á þau helztu vandamál, sem leysa þarf í sambandi við þróun verksmiðjuíðnaðarins hér á landi í náinni framtíð.

Ef starfandi iðnfyrirtæki eiga að halda áfram starfsemi er nauðsynlegt að veða upp minnkandi heimamarkað með auknum útflutningi iðnaðarvara og gera raunar miklu betur.

Til að afla útflutningsmarkaða fyrir iðnaðinn verður að bæta vörugæði, tryggja að staðið sé við samninga um afhendingartíma og lækka framleiðslukostnað að mun.

Af þessum ástæðum þarf að auka framleiðni iðnfyrirtækja hérlendis mjög verulega. Tvöfalda þarf afköst iðnaðarins frá því sem nú er. Ef það mistekst mun iðnaðinn ekki heppnast að halda hæfum starfskröftum eða greiða samkeppnishæf laun, en afleiðingar þess yrðu atvinnuleysi og allt það samfélagslega ból, sem því fylgir. Til að tryggja fulla atvinnu innanlands er auk þess þörf mikillar magnaukningar iðnaðarvöruframleiðslu, stofna þarf mörg ný iðnfyrirtæki, breyta þeim, sem fyrir eru og stækka þau.

Við eigum því ekki annars úrkostar en að stórauka iðnaðarframleiðslu á mannár og jafnframt útflutning iðnaðarvara eða sjá fram á lokun verksmiðja og verulegt atvinnuleysi.

Hamfarirnar í Vestmannaeyjum og útflutningstap landsins.

Enn er það eitt, sem gerir stóráttak í útflutningsaukningu og almennri iðnþróun aðkallandi, en það eru náttúruhamfarirnar, sem dynja nú yfir Vestmannaeyjar, mestu verstöð landsins.

Nærri lætur að um 12% af heildarútflutningi sjávarafurða landsmanna hafi komið frá Vestmannaeyjum árið 1971 eða tæp 9% heildarútflutnings.

Þótt enn sé enganveginn ljóst hvort nýta megi Vestmannaeyjar að einhverju leyti á yfirstandandi vertíð er auðsætt að eldgosið hefur í för með sér verulegt útflutningstap og mikinn kostnaðarauka fyrir þjóðarbúið. Útflutningstapið mun vafalaust nema hundruðum milljóna króna.

Íslenskur iðnaður er þess megnugur að tvöfalda útflutning sinn á næstu 12—18 mánuðum og hlaupa þannig í skarðið, sem myndaðist við ógnirnar í Eyjum. Sérfræðingar Sameinuðu þjóðanna, sem hér dvelja nú, eru sammála um þetta. Samkvæmt bráðabirgðatölum nam útflutningur iðnaðarvara — að undanskildu áli — árið 1972 um 1 200 m.kr., sem er 33% aukning frá árinu áður.

Raunhæft takmark fyrir næsta ár er að iðnaðarvöruútflutningurinn nemi um 2 400 m.kr.

En til að svo geti orðið er þörf bæði fjármagns, skipulagningar og stórhugar. Útflytjendur iðnaðarvara verða að gera sér ljósa skyldu sína á þessum erfiðu tímum og ríkisvaldið má ekki skorast undan að gera þær ráðstafanir, sem eru forsendur þess, að útflutningur iðnaðarvara aukizt verulega á yfirstandandi ári.

Vandi iðnaðarins og staða hans nú.

Stærð þess almenna vanda, sem við er að glíma má nálgast með því að bera saman vergt vinnsluvirði á mannár í verksmiðjuíðnaði í Noregi, Svíþjóð, Finnlandi og Íslandi árabilið 1968—1971.

	1968	%	1969	%	1970	%	1971	%
Svíþjóð	8500	100	9200	100	10000	100	11000	100
Noregur	5500	65	6300	69	8300	83	9300	85
Finnland	4300	51	5300	58	6100	61	6600	60
Ísland	3000	35	3700	40	4900	49		

(Heimild: iðnþróunarátætlunin).

Þótt ganga megi út frá því að tölfræðilegar upplýsingar milli landa séu aldrei fyllilega sambærilegar, gefa þessar tölur þó til kynna sterka tilhneigingu svo að ekki sé meira sagt. Af tölum þessum má sjá að þótt framleiðni okkar hafi aukizt að undanfögnu erum við enn rétt hálfdrættingar á við Svía. Átakið til að minnka bilið gagnvart nágrannalöndunum þarf að verða stórt. Úttekt á ýmsum iðngreinum bendir til svipaðrar niðurstöðu þótt misjöfn sé. Samkeppnishæfni íslensks iðnaðar stendur því greinilega höllum fæti.

Mannaflí.

Í verksmiðjuíðnaði — en þá er fiskiðnaður ekki meðtalinn — störfuðu árið 1965 alls tæp 13 000 manns en árið 1970 um 14 200 manns. Á þessum 5 árum hafði heildarmannaflí í iðnaði því aukizt um 10%. Þetta er um 16% af heildarvinnuafli þjóðarinnar. Framlag iðnaðar til þjóðarframleiðslu nam 15.6% árið 1969.

Mannaflapróun innan einstakra iðngreina var þó afar misjöfn. Mest varð aukningin í efnaiðnaði, leðuriðnaði og ýmsum nýrri iðngreinum. Árið 1970 störfuðu í ýmis konar matvælaíðnaði (lagmeti undanskilið) 2 340 manns, í vefja-, fata- og skóiðnaði um 2 030 manns og í málmiðnaði og bifreiðaviðgerðum um 4 300 manns.

Í öðrum iðngreinum, s. s. mjólkur- og sláturiðnaði varð samdráttur í vinnuafli, en einnig í skóiðnaði og málmiðnaði, öðrum en smíði raftækja og samgöngutækja, þar sem mikil aukning varð.

Stærð fyrirtækja.

Verksmiðjuíðnaðurinn einkennist af mörgum litlum fyrirtækjum á tiltölulega lágu tækni- og vinnslustigi. Um stór fyrirtæki með sjálfvirkri framleiðslutækni er varla að ræða. Þetta kemur í veg fyrir nauðsynlega sérhæfingu, sem er forsenda mikillar framleiðni og samkeppnishæfni á mörkuðum.

Dreifing iðnfyrirtækja miðað við mannár árið 1969:

Mannár	Fjöldi fyrirtækja	%	Mannár í hverjum stærðarflokki
0 ≥ 1	743	86.6	743
1 ≥ 2	344		516
2 ≥ 5	498		1743
5 ≥ 10	283		2123
10 ≥ 20	148	11.3	2220
20 ≥ 30	66		1650
30 ≥ 40	29		1015
40 ≥ 60	20	2.1	1000
60 >	26		1990
Fyrirtæki alls: 2157			Mannár alls: 13000

Tafla þessi sýnir dreifingu vinnuafls á fyrirtæki. Hún sýnir annars vegar að vinnuafli í 86.6% allra iðnfyrirtækja er frá einu til tíu manna, og í þeim vinna tæp 40% alls mannafla. 11.3% iðnfyrirtækja eru með vinnuafli sem jafngildir 10 til 20 manna en veita 37.6 af hundraði mannaflans atvinnu. Líðlega 2% stærstu fyrirtækjanna hafa 23% vinnuaflsins í þjónustu sinni.

Framleiðsla og forsendur iðjureksturs.

Framleiðsla fyrirtækjanna hefur verið svo til eingöngu fyrir heimamarkað. Innan við 10% iðnaðarframleiðslunnar er flutt út. Framleiðsla fyrirtækjanna er gerð eftir pöntunum en ekki er framleitt á lager eins og tíðkast í þróuðum iðnaði. Þetta bendir til lágrar nýtingar véla og mannafla. Iðnaðarhefð er hér hverfandi lítil og margar handiðnir týndar niður, þótt á síðustu árum hafi átt sér stað nokkur endurvakning þar.

Ungar iðnaðarþjóðir eiga alltaf í höggi við eitt vandamál, sem oft reynist örðugt fyrir þær að leysa, en það eru hvers konar aðstæður til iðjureksturs. Framboð hráefna, vélakosts og sérstakra tækja getur verið illa skipulagt; á vinnumarkaðinum er erfitt að fá nægilegt framboð sérhæfðs fólks, og fjármagnsmarkaðurinn býður ekki fram fjármagn til að fullnægja mismunandi og sibreytandi þörfum fyrirtækjanna.

Síðast en ekki sízt skortir mjög á ýmsa ráðgjöf og þjálfun á sviði hagræði, stjórnunar, tækni og markaðsmála, sem sérhæfð framleiðsla þarfnast.

Þótt nokkur visir sé hérlendis til að fullnægja þessum þörfum, skortir enn mikið á að nægilegt sé.

Af þessum ástæðum hefur nefnd á vegum iðnaðarráðuneytisins unnið að athugun á samhæfingu á tækniþjónustu iðnaðarins og hefur hún nýlega skilað álit.

Er ráðgert að leggja fram frumvarp til laga um það efni á komandi þingi.

Eignarhald og eigið fé iðnfyrirtækja.

Flest íslensk fyrirtæki eru í fjölskyldu- eða einstaklingseign, sum eru samvinnufyrirtæki og nokkur í ríkiseign. Eignarformin geta valdið sérstökum vandamálum, sem leysa verður hvert á sinn hátt.

Mjög mörg vandamál koma t. d. upp í fjölskyldufyrirtækjum við það að ný kynslóð tekur við fyrirtækjum, sem mótað hafa af stofnendum þeirra. Við það myndast vandamál bæði tæknilegs, stjórnunarlegs og fjárhagslegs eðlis. Stjórnun fyrirtækja heinist nú í ríkara mæli að markaðs- og hagræðingarmálum en áður var, meðan verið var að koma þeim á laggirnar.

Ýmsar meiriháttar skipulagsbreytingar þarf að framkvæma í þessum fyrirtækjum, en núverandi eigendur skortir oft bolmagn til og jafnvel skilning.

Hér þarf að koma til aðili, sem getur auðveldað hvers konar skipulagsbreytingar. Ýmsar breytingar þarf einnig að gera á rekstri og fjármögnun ríkisfyrirtækja og gera þeim kleyft að standa sig í samkeppni í stað þess að vera rekin sem nokkurs konar góðgerðarstofnanir.

Hluti eigin fjár í fjármögnun íslenskra iðnfyrirtækja er skv. úrtali frá 1. janúar 1969 aðeins 26%, en það hlýtur að teljast mjög lágt, jafnvel þótt benda megi á, að eigið fé sé vanmetið vegna langvarandi verðbólgu og fasteignir lágt metnar að jafnaði, eins og gildandi reglur gera ráð fyrir.

Nauðsynlegt mun reynast í mörgum tilfellum að styrkja eigin fjárstöðu fjölmargra fyrirtækja, en fram til þessa hefur ekki verið neinn aðili til þess utan eigendur, sem ekki hafa ætíð haft bolmagn til þess.

Framtíðarhorfur og þörf skipulagsbreytinga í iðnaði.

Eins og að framan getur er þörf mikilla umbreytinga í iðnaði, til þess að hann geti tekið við þeim aukna mannafla, sem nauðsynlegur er, ef halda á áfram að keppa að fullri atvinnu handa landsmönnum.

Mjög skortir á, að útflutningsstarfsemi sé nægilegur gaumur gefinn og skortir fjármagn til þeirrar starfsemi. Auka þarf verulega fjárframlög til tæknistofnana iðnaðarins, sem til stendur að sameina í Iðnþróunarmiðstöð Íslands. Þótt stefna beri tvímælalaust að því, að iðnaðurinn geti greitt sjálfur í sem mestum mæli fyrir þá þjónustu, sem honum er veitt er ekki hægt að búast við því enn sem komið er, að hann greiði hana að fullu. Skilningur á þessari auknu þörf hefur enn ekki fengizt staðfestur á fjárlögum, og er því gert ráð fyrir að veita megi fjárframlög úr sjóðnum til þeirra stofnana, sem starfa í þágu iðnaðarins, hvort heldur er um að ræða aðstoð við þróun framleiðslunnar eða við að koma vörum á markað. Ber að undirstrika það síðarnefnda vegna þess mikilvægis, sem útflutningsverzlun er landsmönnum.

Iðnaðurinn þarf á mjög skömmum tíma að laga sig að markaðsaðstæðum í Evrópu, sem eru undirorpnar stöðugum breytingum. Stórir markaðir krefjast stórra framleiðslueininga á háu tæknistigi og með mikla sérhæfingu, þar sem knappar auðlindir hagnýtast sem bezt. Þess háttar framleiðslueiningar heyra hérlandis til undantekninga.

Ef fyrirtæki eða iðngrein eiga að geta staðið sig og aukið framleiðslu sína, verða þau að laga sig að þessum ytri aðstæðum, sem geta tekið á sig mörg misjöfn form.

Skipulagsbreytingar (strúktúrbreytingar) í fyrirtækjum munu oft hafa í för með sér verulega fjárfestingu s. s. breytingar á vélakosti, húsnæði, vinnutilhögun o. m. fl.

Þegar talað er um vandamál, sem tengd eru innri gerð (strúktúr) fyrirtækja, er verið að benda á margs konar aðstæður, sem hindra umbreytingar og aðlögun, sem í sífellu þurfa að eiga sér stað í atvinnulífinu. Breytingar eru í sjálfu sér ekki vandamál, heldur er aðlögun atvinnulífsins að ytri aðstæðum erfiðari og krefst stundum stærri fórnar en æskilegt og nauðsynlegt er. Þetta gerist ef lögmál efnahagskerfisins eru látin ráða óheft. Ef leggja þarf niður fyrirtæki og stofna ný eða auka hagkvæmni í rekstri myndast mörg vandamál, ekki sízt félagsleg, sem ekki leysast af sjálfu sér og þarfnast utanaðkomandi afskipta.

Við samvinnu eða samruna margra fyrirtækja á að vera hægt að nýta sameinaðar auðlindir betur en einstakt fyrirtæki getur gert. Það er ekki kappsmál að fá stór fyrirtæki. Samruni tveggja eða fleiri minni fyrirtækja gerir hins vegar oft kleift að ná herra hagkvæmnisstigi, en það getur leitt til lægri meðalkostnaðar eða til þess að meðalkostnaður hækki minna en annars hefði orðið.

Á þessu sviði er margt ógert hér, og það hlýtur að vera eitt af hlutverkum ríkisvaldsins að aðstoða við að framkvæma þessa aðlögun sem snurðulausast og án þess að valda samfélagslegu öngþveiti.

Á vegum iðnaðarráðuneytisins er nú verið að fullgera iðnþróunaráætlun fyrir Ísland fram til ársins 1980. Verður sú áætlun kynnt Alþingi, þegar hún er fullbúin.

Áætlunin á að gefa heildaryfirlit yfir stöðu iðnaðarins nú, vandamál hans og framtíðarþróunarmöguleika.

Líta má á þetta frumvarp, sem byrjunaráfanga í þeim aðgerðum, sem nauðsynlegar eru til þess að iðnþróunin geti orðið að veruleika.

Stofnun sjóðs til skipulagsbreytinga í iðnaði.

Hlutverk sjóðsins er, eins og segir í 1. gr., að stuðla að hagræðingu, tæknipróun og skipulagsbreytingum í iðnaði. Hann á að geta leyst vissa hlið fjármögnunaráfanga, sem hljóttast af skipulagsbreytingum og örvað til átaka í þeim eignum. Í 6. gr. er nánar greint frá verkefnum sjóðsins.

Einnig var álitid nauðsynlegt að heimila hlutabréfakaup í starfandi fyrirtækjum eða taka þátt í stofnun nýrra, en það hefur iðulega sýnt sig hér — einkum á síðustu árum — að slík heimild er nauðsynleg.

Áætlaður gengishagnaður af iðnaðarvörum, sbr. lög nr. 97/1972, nemur trúlega 20—40 m.kr., þótt enn sé erfitt að gizka á þá upphæð.

Á reikningi í Seðlabankanum eru nú 15 m.kr. frá gengisfellingunni 1968, sem samkvæmt frumvarpinu eiga að renna í sjóðinni.

Ekki er gert ráð fyrir framlagi ríkisins til sjóðsins í þetta sinn. Hins vegar verður farið fram á það við Iðnþróunarsjóð, að hann veiti nokkrum fjármunum til sjóðsins í formi lána eða framlaga. Seinna er ætlunin að tryggja sjóðnum öruggan tekjustofn og yrði þá sjóðurinn felldur inn í þá heildar lagasmíð, sem getið var hér að framan.

Staðan gagnvart öðrum sjóðum.

Fyrir eru þrjú fjárfestingasjóðir, sem auk viðskiptabankanna veita fjármagni til iðnaðarins. Iðnlánasjóður er þeirra elstur. Hann veitir einkum stofnlán til véla- og tækjakaupa svo og til byggingar verksmiðju- og iðnaðarhúsa.

Í lögum nr. 68/1967 er Iðnlánasjóði heimilt að veita lán til endurskipulagningar iðnfyrirtækja svo og til hagræðingar í iðnrekstri. Voru í þeim tilgangi boðin vaxtabréf til sölu. Alls á sjóðurinn nú 7.1 m.kr. útistandandi af hagræðingarlánunum, þar af eru tæpar 5.0 m.kr. fjármögnuð með útgáfu vaxtabréfa. Reynt hefur verið að taka tillit til hagræðingaráforma við lán til vélakaupa og hagræðing orðið þannig tilefni til lánveitinga. Þetta er þó eingöngu við það bundið, að sótt sé um stofnlán til fjárfestingar í vélum eða tækjum.

Samkvæmt heimild í lögum skal veita allt að 10% af árlegu iðnlánasjóðsgjaldi til almennra hagsbóta og hagrannsókna í iðnaði. Hefur fé þessu verið veitt til ýmissa verkefna á vegum hagsmunasamtaka atvinnurekenda. Meðal verkefna má nefna fjármögnun hagsveifluvogar iðnaðarins. Á síðastliðnu ári nam framlagið til hagrannsókna 3.6 m.kr.

Iðnþróunarsjóði er í sérstökum tilvikum heimilt að veita lán með sérlega hagstæðum kjörum, eða framlög m. a. til tækniástoðar, rannsókna og markaðsathugana. Slíkt lán eða framlög mega samtals ekki nema meiru en 10% af stofnfénu, eða um 120 m.kr. alls. Af þessu hafa verið samþykktar um 14 m.kr., þar af útborgað 11.9 m.kr., sem skiptist á milli lána að upphæð 3.8 m.kr. og styrkja 5.1 m.kr.

Til þess að koma í veg fyrir skörun verkefna við Iðnþróunarsjóð er gert ráð fyrir, að hann tilnefni einn mann í stjórn Iðnrekstrarsjóðs.

Þriðji sjóðurinn, sem veitir lán til iðnaðarins er Útflutningslánasjóður, sem stofnaður var með lögum nr. 47/1970.

Hlutverk hans er fyrst og fremst að veita lán til að bæta samkeppnisaðstöðu íslensks iðnaðar gagnvart erlendum iðnaði.

Minni hætta er á skörun verkefna eða ósamræmdri lánastefnu við hann.

Af þessu yfirliti má sjá að enginn þeirra sjóða, sem fyrir eru nú, gegnir sams konar hlutverki og ætlað er að Iðnrekstrarsjóður hafi.

Sérstaka aðstoð til rannsókna og markaðsathugana er samkvæmt framanskráðu hægt að veita úr Iðnþróunarsjóði, en bæði er að ekki er beinlínis gert ráð fyrir hagræðinga- eða framleiðniaukandi framlögum og einnig mun sjóðurinn aðallega miða við hóp fyrirtækja eða eina iðngrein þegar slík framlög eru veitt.

Vissulega hefði verið æskilegt að sameina eitthvað af fyrrnefndum sjóðum nú og verður að stefna að því mjög bráðlega.

Það þótti þó tæplega tímabært nú, enda þarf að athuga það mál betur. Gert er ráð fyrir, að það verkefni falli inn í þá heildarlöggjöf sem áformað er að leggja fyrir næsta þing, og getið var hér að framan.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Greinin kveður á um aðaltilgang sjóðsins. Aðalverkefnið er efling iðnaðarvöru-útflutnings og megin leiðir taldar upp, en þær eru skipulagsbreytingar og aukning framleiðni. Útflutningsstarfsemi er að sjálfsögðu aðeins hluti almennrar iðnþróunar.

Nánar eru í 6. gr. talin upp þau megin svið, sem starfsemi sjóðsins mun láta til sín taka og vísast til athugasemda við þá grein.

Sjóðurinn á hvorki að veita bein framkvæmdalán, sem fullnægt er af öðrum sjóðum, né rekstrarlán, heldur eingöngu lán, sem miða að skipulagsbreytingum og almennri framleiðniaukandi starfsemi, einkum í því skyni að auka útflutning, eða spara innflutning iðnaðarvara. Sjóðurinn skal vera sjálfstæð stofnun í eigu ríkisins.

Um 2. gr.

Eðlilegast er að sjóðurinn heyri undir iðnaðarráðuneytið vegna verkefna hans. Ekki er í lögum þessum fram tekið hvaða stofnun sé falin dagleg afgreiðsla sjóðsins, er ráðherra ætlað að ákveða það.

Um 3. gr.

Lagt er til að stjórn sjóðsins skipi 5 menn. Er þannig háttáð tilnefningu í stjórnina að tvö helztu samtök útflutningsaðila iðnaðarvara eigi þar fulltrúa, enda var gengishagnaðurinn, sem er uppistaða sjóðsins aðallega tekinn af meðlimum þessara samtaka. Iðnþróunarsjóður hefur einn fulltrúa í stjórn, einkum með það fyrir augum að samræma starfsemi sjóðanna, þannig að betri yfirsýn fáiast yfir vandamál iðnaðarins. Auk þess er gert ráð fyrir fulltrúa frá Alþýðusambandi Íslands. Að sjálfsögðu er sjóðnum heimilt að leita umsagnar annarra aðila vegna fyrirhugaðra lán- eða styrkveitinga.

Um 4. gr.

Stjórninni er ætlað að annast alla starfsemi sjóðsins, móta stefnu hans í samræmi við lögin og ráðstafa fjármagni hans. Hún ræður einnig starfsfólk sjóðsins, sem í samræmi við 1. gr. yrðu ríkisstarfsmenn og fengju laun skv. samningi þeirra. Iðnaðarráðherra skal ákveða þóknun sjóðsstjórnar.

Um 5. gr.

Samkvæmt lögum nr. 97/1972 var ríkisstjórninni veitt heimild til að taka gengishagnað af útfluttum iðnaðarvörum framleiddum fyrir 1. janúar 1973. Einnig er sams konar ákvæði um verktakasamninga. Var svo ákveðið að nota ætti fé þetta í þágu iðnaðarins í landinu. Áætlaðar tekjur af þessu eru á bilinu 20—40 m.kr.

Í lögum nr. 74/1968 var ákvæði, sem heimilaði að taka gengishagnað vegna verktakasamninga við erlenda aðila. Í síðustu málsgrein 4. gr. laganna var þó svo ákveðið að verja skuli því fé, sem þannig fæst samkvæmt sérstökum lögum, í þágu þeirra atvinnuvega, sem áttu viðkomandi afurðaverðmæti. Lagt er til að þetta ákvæði falli úr gildi, ef frumvarp þetta verður að lögum. Fé það, sem þannig fékkst, er enn óráðstafað á reikningi í Seðlabankanum. Með frumvarpi þessu er ákveðið að nota þetta fé í þágu iðnaðarins í landinu.

Í framtíðinni er sjóðnum fyrirhugaður sjálfstæður tekjustofn.

Í þessari grein er að lokum ákvæði, sem segir að geyma skuli fé sjóðsins á sérstökum reikningi í Seðlabankanum.

Um 6. gr.

Hér er kveðið á um helztu viðfangsefni sjóðsins. Aðaltilgangur sjóðsins er stuðningur við markaðsöflun og útflutningsefnandi starfsemi. Bryn nauðsyn er til þess nú eftir áfallið vegna gossins í Heimaey, þegar þjóðin kann að tapa nokkur hundruð milljón krónur af útflutningstekjum sínum.

Tekið er fram að sjóðurinn skuli með fjárframlagi stuðla að aukinni ráðgjöf, þjálfun og tæknipjónustu í þágu iðnaðarins. Er hér einkum átt við stuðning við stofnanir, s. s. væntanlega iðnþróunarmiðstöð, sem einvörðungu starfa fyrir iðnaðinn. Ekki er gert ráð fyrir að þessi framlög komi í staðinn fyrir fjárveitingar á fjárlögum, heldur þar að auki.

Framleiðniaukandi aðgerðir má efla með lánum eða styrkjum. Er það eitt helzta viðfangsefni sjóðsins. Það er nýmæli í lögum að sjóðurinn hafi það hlutverk að ýta undir samruna og samvinnu iðnfyrirtækja. Stærri markaðsheildir krefjast stærri framleiðslueininga, auk þess sem nýtingarstig framleiðslutækja er að öllu jöfnu mun herra í stærri og sérhæfðari einingum en litlum.

Um 7. gr.

Hér er ákvæði, sem heimilar sjóðnum hlutabréfakaup og þáttöku í stofnun nýrra fyrirtækja. Hér er um nokkurt nýmæli að ræða, þótt lík heimild finnist í öðrum lögum en þó á þrengra sviði. Einn stærsti þrándur í götu efnahagsþróunar er eignarformið og því er þörf heimildar til að yfirstíga það, ef það skyldi standa æskilegri þróun í vegi.

Á undanförnum árum hefur það sýnt sig að nauðsyn er að opinberir aðilar hafi heimild til að gerast meðeigendur í fyrirtækjum, sem ella hefðu lagst niður. Oft er eðlilegra að opinberir aðilar gerist beinir þátttakendur í fyrirtækjum heldur en að veitt séu óhófleg lán í nauðsynleg en illa stödd fyrirtæki. Hér er einnig ákvæði um að sjóðurinn megi ekki afsala sér hlutabréfum nema samþykki Alþingis komi til. Er þetta sams konar ákvæði og gildir t. d. um jarðir í ríkiseign.

Að lokum er heimild til að veita ábyrgð fyrir lánum teknum hjá öðrum lána- stofnunum, en þau ákvæði eru nauðsynleg vegna margfenginnar reynslu í því efni.

Um 8. gr.

Hér er heimild til lántöku fyrir sjóðsstjórn. Er fyrirhugað að fara þess á leit við Iðnþróunarsjóð, að hann veiti sjóðnum lán í því skyni, að geta betur annast hlutverk sitt strax í upphafi, en skipulagsbreytandi aðgerðir eru fjárfrekar.

Ekki er enn ákveðið, hve mikið fé mun fást frá Iðnþróunarsjóði. Þá upphæð verður að ákveða með hliðsjón af áætluðum þörfum sjóðsins nú, við þær sérstöku aðstæður, sem þjóðin á við að stríða, þegar sérstakar útflutningseflandi aðgerðir eru aðkallandi.

Um 9. gr.

Greinin inniheldur engin nýmæli og skýrir sig sjálf.

Um 10. gr.

Lögð er skylda á hendur ráðherra að gefa út reglugerð um sjóðinn, starfsemi hans o. fl.

Um 11. gr.

Þarfnast ekki skýringar.